



**46. fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar**  
fimmtudaginn, 19. júní, 2003, kl. 17:00 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. Atvinnumál.
2. Bréf frá félagsmálaráðuneyti vegna tilkynninga um breytingu á æðstu stjórn sveitarfélaga.
3. Bréf frá Fjölbautaskóla Norðurlands vestra.
4. Umsögn vegna leyfis um veitinga- og gististaði v. Glaðheima ehf.
5. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 703 frá 16. maí 2003.
6. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

1. **Atvinnumál.**  
*Rætt um framtíðarsýn Blönduóssbæjar og ákveðið að fá aðila úr þeim verkefnum sem þegar eru hafin, þ.e. um málefni húsdýragarðs, matvælaeftirlit og heilsutengda ferðaþjónusta á næsta fund bæjarráðs.*
2. **Bréf frá félagsmálaráðuneyti vegna tilkynninga um breytingu á æðstu stjórn sveitarfélaga.**  
*Í bréfi ráðuneytisins er minnt á að tilkynna beri kjör vegna kosninga í æðstu stjórn sveitarfélaga á árinu til félagsmálaráðuneytisins. Stefnt er að því að kosningar Blönduóssbæjar fari fram á næsta bæjarstjórnarfund, hinn 24. júní nk.*
3. **Bréf frá Fjölbautaskóla Norðurlands vestra.**  
*Í bréfi frá skólameistara er þess farið á leit við sveitarfélög á Norðurlandi vestra að þau tilnefni einn fulltrúa sinn hvert í vinnuhóp til að vinna að tillögugerð um framtíðarskipan fræðslumála á Norðurlandi vestra með tilliti til fjarnáms og nýtingar á fræðslusetrum á nokkrum þéttbýlisstöðum á svæðinu. Bæjarráð tilnefnir formann fræðslu-, íþrótt- og tómstundanevndar í vinnuhópinn.*
4. **Umsögn vegna leyfis um veitinga- og gististaði v. Glaðheima ehf.**  
*Bæjarráð veitir Glaðheimum ehf. jákvæða umsögn vegna leyfisins.*
5. **Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 703 frá 16. maí 2003.**  
*Lögð fram til kynningar.*
6. **Önnur mál.**
  - a. **Umsóknir um 50% starf á skrifstofu sveitarfélagsins.**  
*Tvær umsóknir bárust um starfið, Soffía Sveinbjörg Jónasdóttir og Ingiríður Ásta Þórisdóttir sækja um starfið. Bæjarráð*



samþykkir að ráða Ingiríði Ástu Þórisdóttur til starfa á skrifstofu sveitarfélagsins.

**b. Húnavallaskóli.**

Formaður greindi frá því að brýnt væri að Blönduóssbær gengi frá eignaraðild sinni að Húnavallaskóla sem áður var í eigu Engihlíðarhrepps. Bæjarráð skipar Valgarð Hilmarsson í viðræðuhóp um málið.

**c. Fyrirspurn:** Undirritaður spyr hvað líði gerð samstarfs-samnings Blönduóssbæjar og Glaðheima hf. vegna reksturs tjaldsvæðisins í Brautarhvammi. Auðunn Sigurðsson, D-lista.

**Svar:** Bæjarstjóri greindi frá því að verið væri að vinna að drögum um samning við Glaðheima hf. og verður hann lagður fyrir næsta bæjarráðsfund.

**Fleira gerðist ekki.**

Fundi slitið kl. 18:30.

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson (sign.)

Hjördís Blöndal (sign.)

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)